



Hafnarfirði 18.05.15

Bæjarráð Hafnarfjarðar
b.t. Bæjarstjórans í Hafnarfirði
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Varðar: Eignaskiptasamning milli SÍH og Hafnarfjarðar

Ágæta bæjarráð

Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar stendur á þeim tímamótum að fagna 50 ára afmæli sínu á þessu ári. Að því tilefni stefnir stjórn félagsins að ljúka uppbyggingu á Iðavöllum sem er æfinga- og keppnissvæði félagsins samkvæmt gildandi deiluskipulagi frá 2007.

SÍH fékk svæðið til afnota 1997, þá sem svartar malarnámur og fyrrum bílakirkjugarður og hóf uppbyggingu á svæðinu sem leiddi til opunar á formlegri íþróttastarfsemi á Iðavöllum 5. júní 1999.

Á þeim tíma var gerður 20/80 % eignaskiptasamningur við Hafnarfjarðarkaupstað um fjárhagslega skiptingu á þeim framkvæmdum sem ráðist var í. Árið 2009 voru loks lagðar heimtaugar fyrir vatn og rafmagn og gerður 10/90 % samningur vegna þeirra framkvæmda.

Þess er vert að geta að Hafnarfjarðarbær hefur aðeins einu sinni komið fjárhagslega að viðhaldi á eignarhlut sínum en það var þegar skipta þurfti um glugga í félagsheimilinu þegar það lá undir skemmdum vegna leka.

Eins og áður sagði er svæðið að taka á sig endanlega mynd samkvæmt deiliskipulagi og mun framkvæmdum að mestu verða lokið í júní næstkomandi.

Þessar framkvæmdir hafa verið mjög umfangsmiklar á mælikvarða lítills íþróttafélags sem hefur leitt til þess að fjárhagur og vinnuframlag félagsmanna og velunnara er komið að þolmörkum.

Það er því ósk stjórnar Skotíþróttafélags Hafnarfjarðar að Hafnarfjarðarbær gangi til samninga við félagið um heildina á sömu forsendum og áður en að þessu sinni samkvæmt skiptingu 10/90 % og eldri samningar verði teknir upp og breytt í sömu skiptingarhlutföll þar sem við á.

Samkvæmt kostnaðargreiningu sem unnin var að ósk R-3 ráðgjöf ehf vegna úttektar fyrir Hafnarfjarðarbæ hljóða framkvæmdir, varlega áætlað upp á 30.770.000 kr. þannig að 90% hlutur þeirrar upphæðar er 27.693.000 kr. og 10% af elsta samningnum, verði honum breytt til samræmis við annað (var áður var 20/80 % skipting) verði nú metin á 3.215.324- kr. samkvæmt efnahagsreikningi 2010, -samtals 30.908.324- kr.

Þótt stjórn SÍH þykist vita að fjárhagsstaða Hafnarfjarðarbæjar sé ekki eins og best verði á kosið telur hún afar mikilvægt að tryggja til lengri tíma fjárhagslegan rekstur félagsins sem nú sér talsvert á vegna framkvæmda sem nú er að ljúka eftir 18 ára aðstöðusköpun og uppbyggingu innra starfs félagsins.

Stjórn SÍH vill því leggja fram eftirfarandi tillögu:

- Að Hafnarfjarðarbær gangi til samninga við Skotípróttafélag Hafnarfjarðar um 90% hlut í þeim mannvirkjum og framkvæmdum sem ekki hefur verið gerður samningur um áður.
- Samningur kveði á um að hlutur Hafnarfjarðar greiðist með jöfnum greiðslum á næstu fimm árum.
- Til að greiða fyrir framgangi málsins er félagið tilbúið að yfirtaka hlut Hafnarfjarðarbæjar í viðhaldi næstu fimm árin.
- Að þeim tíma loknum taki Hafnarfjarðarbær 90% þátt í viðhaldi samkvæmt samþykkttri viðhaldsáætlun.

Þær greiðslur sem vænta má samkvæmt samningi þessum munu tryggja daglegan rekstur félagsins, viðhald og umhirðu eigna og svæðis. Þær munu tryggja félaginu aukna möguleika á námskeiðahaldi, fræðslu og eflingu unglिंगastarfs á næstu árum.

Það er einlæg ósk stjórnar Skotípróttafélags Hafnarfjarðar að gengið verði svo fljótt sem auðið er til samninga á þessum eða viðlíka forsendum og að bæjarráð og bæjarstjóri sjái sér fært að heimsækja okkur að Iðavöllum sem fyrst. Orðið hefur að samkomulagi að ÍBH muni boða til slíkrar heimsóknar.

Virðingarfyllst.



Ferdinand Hansen
formaður SÍH

Meðfylgjandi gögn eru:

- Greining á nýframkvæmdum og eignarhlut samkvæmt eldri samningi á milli aðila.
- Uppkast að samningi vegna 10/90 % eignaskiptingar á milli SÍH og Hafnarfjarðar.
- Mynd frá Iðavöllum frá síðasta sumri.



SKOTÍPRÓTTAFÉLAG HAFNARFJARÐAR

www.sih.is

Heiðvangi 7 220 Hafnarfirði

S: 565-2887

netfang: sih@sih.is

Hafnarfirði 25.01.15

Tryggvi Árnason

R3-Ráðgjöf ehf. - R3-Dreifing

Sent sem viðhengi með tölvupósti á Tryggvi Árnason tryggvi@r3.is 25.01.2015

Afrit sent á IBH og varaformann SÍH, Stefán Geir Stefánsson

Varðar: Greining núverandi samninga Hafnarfjarðarbæjar við SÍH

Fyrri hluti þessa skjals er listi og lýsing yfir þann hluta mannvirkja á Iðavöllum sem nú þegar hefur verið gerður eignarskiptasamningur um við Hafnarfjarðarbæ.

Seinni hluti skjalsins er listi, lýsing og verðmat á þeim mannvirkjum og öðrum framkvæmdum sem hefur verið unnið að frá árinu 2000. Áætlað er að framkvæmdum samkvæmt deiliskipulagi verði að mestu lokið fyrir alþjóðlegt afmælimót félagsins sem haldið verður í byrun júlí 2015.

Fyrri hluti:

Upphaflegar framkvæmdir á Iðavöllum 1998 til 1999

Iðavellir (nafn sem æfinga- og keppnissvæði Skotípróttafélags Hafnarfjarðar var gefið við víxlu þess 5. júní árið 1999) voru teknir í formlega notkun 5. júní 1999 eftir að félagið hafði tekið niður aðstöðu sína í Óbrynnshólum tveim árum áður.

Frá þeim tíma hefur farið fram hæg en jöfn uppbygging á Iðavöllum. Tíu fyrstu árin var félagið án vatns og rafmagns og varð því að kynda húsakynnin með gasi þegar æfingar, keppnir og félagsstarf fór fram á svæðinu.

Engin salernisaðstað var í öll þessi ár og ljós og rafmagn á kastvélar var fengið frá 5 kw díselrafstöð og vatn til kaffidrykkju var borið á staðinn. Til þess að standa straum af kostnaði við að halda uppi starfsemi við frumlegar aðstæður var gerður samningur um 400.000 kr rekstrarstyrk við Hafnarfjarðarbæ. Hafnarfjarðarbær hefur aldrei komið að viðhaldi á Iðavöllum fyrir utan eitt skipti þegar skipta varð um glugga og klæða framhlið félagsheimilisins vegna rakaskemda sem mátti rekja til víxlverkunar á hita og kulda vegna gaskyndingar.

Allt viðhald og endurbætur hefur því verið á kostnað SÍH þrátt fyrir 80 - 20% eignaskiptingu við Hafnarfjarðarbæ.

Árið 2007 var samþykkt nýtt deiliskipulag af svæðinu og næsta umhverfi. Frá þeim tíma hefur markvisst verið unnið að uppbyggingu svæðisins á þeim forsendum.

Félagsheimili (eldri hluti)

Húsið byggt upp úr 1990 og er 5 x 10m á stærð, byggt úr einangruðum timbur/plöteiningum frá fyrirtækinu Núnatak. Undirstöður eru forsteyptar einingar.

Pallur um hús

Timburpallur með handriði og þrem tröppum er við báðar hliðar og framan við hús samtals um 72 m².

Skeetvöllur 1

Skeetvöllurinn er grasi lagður (ca 750 m²) og með steiptum pöllum og göngubrautum samtals um 160 m².

Vélar á skeetvelli 1

Tvær kastvélar frá Duematic ásamt stýribúnaði.

Hljóðmanir

Hljóðmanir kringdu völinn með einni aðkomu um aksturs- og gönguhlið. Síðari framkvæmdir vegna trappvallar, aðkomu og afmörkunar öryggissvæðis kom 2014.

Geymslugámar undir rafstöð og leirdúfur.

Tveir 20' gámar eru staðsettir í mön austan við skeetvölinn. Klæðning og þak kom ekki fyrir en 2014. (sjá í seinni hluta skjalsins)

Seinni hluti:**Nýframkvæmdir á Iðavöllum frá árinu 2000**

Eftirfarandi upptalning nær yfir framkvæmdir á Iðavöllum frá árinu 2000. Allar framkvæmdir á þessu tímabili hafa verið án fjárhagslegrar aðkomu Hafnarfjarðabæjar. Þar sem stærstur hluti framkvæmdanna er fjármagnaður með sjálboðaliðsvinnu, framlögum félagsmanna í formi vélavinnu og hráefnis, snapi og snýkjum hjá fyrirtækjum tengdum félagsmönnum eru tölur í bókhaldi ekki lýsandi fyrir verðmætunum. Við mat á verðmætum var reynt að forðast ofmat og óhætt að fullyrða að ef þessar framkvæmdir yrðu boðnar út á almennum markaði í dag yrði verðmatið allnokkuð hærra en hér er. Samkvæmt bókhaldi félagsins hefur félagið eitt rúmlega 7 miljónu úr sjóðum félagsins í þessar framkvæmdir.

Framkvæmdum samkvæmt deiluskipulagi er ekki að fullu lokið en áætlanir gera ráð fyrir að svo verði fyrir byrjun júlí á þessu ári þegar félagið heldur sitt árlega alþjóðlega mót, SÍH open í 11 sinn og mun samhliða því halda upp á 50 afmæli félagsins.

Auk eftirfarandi uppbyggingar á Iðavöllum hefur félagið látið útbúa öflug rekstrarbókhald þar sem haldið er utan um árangra, styrki, félagatal, forgjöf ásamt almennu rekstrarbókhaldi.

Allur rekstur félagsins er skilgreindur í ítarlegri gæðahandbók félagsins og vinna stjórnar mótast út frá árlegri stefnumótun félagsmanna. Gæðahandbók félagsins liggur að stærstum hluta sýnilegt á vefsetri félagsins www.sih.is

Félagið fékk viðurkenningu í formi ÍSÍ bikarsins á sínum tíma fyrir gott skipulag og var öðrum félögum boðinn aðgangur að grunni gæðahandbókar félagsins. Gæðahandbók ÍBH byggir á þessum grunni.

Félagið hefur haldið úti öflugum og mjög virku vefsetri, www.sih.is. Þar er að finna upplýsingar um félagið, starfsemi þess, fréttir og myndasafn sem ná aftur til ársins 1990.

**SKOTI PRÓTTAFÉLAG HAFNARFJARÐAR**www.sih.is

Heiðvangi 7 220 Hafnarfirði

S: 565-2887

netfang: sih@sih.is

Viðbygging við félagheimilið	6.800.000-
Viðbygging við félagsheimili sem var tekin í notkun 2008, stærð 55 m ² . Timburbygging á steiptum sökkli með steypa botnplötu. Bárujárn á þaki. Klædd að innan með panel á veggjum og lofti, gólf flísalagt. Salernis og eldhúsaðstaða. Hitakútur fyrir neysluvatn auk góðrar lýsingar. Tvöföld útgönguhurð og tröppur upp í eldri byggingu.	
Skeetvöllur 2	3.200.000-
Skeetvöllur byggður á 80 cm meðal fyllingu vegna hæðarjöfnunar. Steypar brautir og pallar 160 m ² . Tyrft svæði 750 m ² .	
Hús á skeetvelli 2	2.000.000-
Turn úr timbri klæddur með kúptri vatnslæðningu, steypir sökklar. Markhús er 20' einangraður gámur klæddur vatnslæðningu með járnklæddu þaki. Tvöföld járnhurð til þjónustu fyrir leirdúfur. Gegnir jafnfram hlutverki leirdúfugeymslu fyrir báða velli. Lýsing og raflögn til staðar fyrir stjórnbúnað véla.	
Vélar á skeetvelli 2	900.000-
Tvær kastvélar frá Duematic ásamt stýribúnaði. (verður sett upp í vor)	
Stjórnbúnaður vegna rekstrar og umhalds	500.000-
Tölvur og tölvukerfi og nándarlyklakerfi. (verðu bætt við í vor)	
Bílastæði, tilfærsla gróðurs og aðkoma	4.600.000-
Breyting á aðkomu og akstur- og gönguleiðum innan svæðis samkvæmt deiliskipulagi. Þar af lagning á ca 40 m akstursleiðar inn að lagergámi. Framkvæmdir vegna lagningar kaldavatns, rafmagnsinntaks og safnþróar. Flutningur á um 150 trjám (aspir og birki) sem gróðursett var 1999. Jafnfram gerð bílastæðis aftan við völlinn og gerð trjámanar á hraunbrún. Veitugjöld og lagning á strengjum og lögnum frá veitukassa að inntaki á húsi.	
Safnþró	350.000-
Safnþró staðsett suðvestan við hús, 10 m ³ að stærð. Grafa og fleyga þurfti fyrir lögn og þró frá húsi að þró.	
Inntak á vatni og rafmagni	1.400.000-
Lagnalína var tekin, til einföldunar og sparnaðar út fyrir mön og lögð í kverk manar til að lámarka fleygun. Inntak, tenging, lagnir og rafmagnsofnar. Veitugjöld og lagning á strengjum og lögnum frá veitukassa að inntaki á húsi.	

Hús á trapvelli	2.850.000-
Hús er niðurgrafið, steypdir veggir, loft og botn. Húsið er 15 m ² og 45 m ³ . Fleyga þurfti fyrir húsinu að öllu leiti.	
Á húsinu er gönguhurð og útkasthlerar. Stoðveggur fyrir tröppur að þjónustuhurð.	
Vélar á trappvellir	350.000-
Vél er duematic (hreyfanleg) auk raflagnar og stýribúnaðar.	
Pallur fyrir trappvöll	500.000-
Steypd undirstaða og á henni hvílir pallahækkun úr timbri með öryggisgrindverki. (ca 60 m ²)	
Hljóðmanir vegna trappvallar	2.500.000-
Velli fyrir norrænt trap var komið upp samkvæmt deiliskipulagi frá 2007. Til þess þurfti að fylla og slétta land og byggja nýjar manir og færa eldri mön vegna hljóðvistar og öryggis. Manirnar eru í botnmáli ca 5 m og um það bil 4 m á hæð. Heildarlengd nýrra og færðra mana er áætlað ca. 150 m	
Vegur að trapvelli	100.000-
Aðkomuvegur að trapvelli aftan við svæðið til framkvæmda og þjónustu. Aðeins vélavinna, því efni var til staðar.	
Mön til afmörkunar á öryggissvæði	780.000-
Mön liggur frá hliði upp meðfram akstursleið inn á svæðið. Lengd ca 350 m hæð ca 3.0	
Bílastæði utan hliðs.	1.500.000-
Gert ráð fyrir bílastæði fyrir ca 80 bíla ásamt grasflöt undir tjaldstæði/fellihýsi vegna keppenda sem koma langt að.	
Tækja- og dúfnageymsla	1.800.000-
Eldri gámar lágu undir skemmdum. Búið er að setja á þá þak og klæða með kúptir klæðningu. Steypa í gólf gáma og fordyri sem er með iðnaðar- og gönguhurðar. Raflögn og lýsing hefur verið komið fyrir í húsinu. Búið að skera burt þil á milli gáma og gera að einni heild. Húsið er því samtals 40 m ² . Gámarnir sjálfir eru ekki með í þessari verðlagningu þar sem þeir eru hluti af fjárfestingu fyrir árið 2000.	
Trjágróður	300.000-
Búið að planta um það bil 1000 nýjum plöntum á trappsvæði auk flutnings á u.þ.b 150 eldri trjám (15 ára gömlum öspum og birki)	
Byrjendaaðstaða (undirstaða)	100.000-
Vestan skeetvallar er malar undirstaða undir væntanlega steyptra palla, sléttað undir húsi. Umkringgt trjám	
Hús vegna byrjendaaðstöðu	150.000-
Sex m ² vélaskýli með steyptri undirstöðu. Útkastlúga og þjónustuhurð.	

**Vél fyrir byrjendaaðstöðu****90.000-**

Lítill færanleg 12v kastvél frá Duematic auk stýribúnaðar

Niðurstaða

Samkvæmt þessu metum við ofantaldar framkvæmir á 30.770.000- kr. og eins og áður hefur komið fram teljum við langt því frá að um ofmat sé að ræða.

Stjórn SÍH tók við svæðinu undir starfsemina 1998 sem svörtum, gróðurlausum malargrifjum sem eru í dag iðagrænir vellir og samkvæmt áætlun stjórnar SÍH verður framkvæmdum samkvæmt deiliskipulagi lokið í júní í ár.

Sama sjónhorn með 15 ára millibili***Iðavellir 1999******Iðavellir 2014***

Við teljum okkur hafa farnast vel með það verkefni sem okkur var treyst fyrir þegar við tókum við svæðinu fyrir 16 árum og gerðum samning við Hafnarfjarðarbæ um uppbyggingu þess.

Þess má geta að lokum að loforð frá 2006 um að malbikað yrði frá Álhelli að Iðavöllum sem átti að framkvæma samhliða malbikun til Kvartmíluklúbbsins hefur ekki ennþá verið efnt.

Virðingarfyllt

Ferdinand Hansen
formaður SÍH
s: 824-6127

Samningur

Hafnarfjarðarbær kt. 590169-7579 og Skotípróttafélag Hafnarfjarðar kt. 510588 – 2159 gera með sér svohljóðandi samning á grundvelli samstarfssamninga bæjarins og ípróttafélaganna:

1. gr.

Samningurinn er vegna framkvæmda á ípróttasvæði Skotípróttafélags Hafnarfjarðar að Iðavöllum samkvæmt framkvæmda- og kostnaðaráætlun dag. 25.01.2015 og tekur til endanlegrar uppbyggingar á svæðinu samkvæmt deiliskipulagi frá 2008.

2. gr.

Hafnarfjarðarbær fellst á að umræddar framkvæmdir verði í samræmi við samstarfssamninga hans og ípróttafélaganna og greiðir 90% af áætluðum framkvæmdakostnaði en Skotípróttafélag Hafnarfjarðar greiðir 10%.

3. gr.

Hafnarfjarðarbær fellst á fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun gerða af Skotípróttafélaginu., dagsett 25. janúar 2015 ásamt frekari gögnum að upphæð kr. 30.770.000 auk 10% hlutar af eldri samningi; kr. 3.215.324. Hlutar Hafnarfjarðar verði þannig kr. 30.586.792 og hlutar Skotípróttafélags Hafnarfjarðar kr. 3.398.532- .

4. gr.

Framkvæmdum er að fullu lokið og greiðslur Hafnarfjarðar vegna framkvæmdanna greiðast á næstu fimm árum og fyrsta greiðsla 1. júní 2015.

5. gr.

Greiðslur skulu verðbætast samkvæmt byggingarvísitölu

6. gr.

Skotípróttafélag Hafnarfjarðar mun sjá um allt viðhald á eigin kostnað næstu fimm árin en að því loknu mun Hafnarfjarðarbær taka þátt í viðhaldi í samræmi við eignarhlut samkvæmt samþykktri viðhaldsáætlun á hverjum tíma.

7. gr.

Öll mannvirki sem munu verða á svæði Skotípróttafélags Hafnarfjarðar í Kapelluhrauni eru óframseljanleg nema til komi samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og skal þá andvirðið renna til réttthafa, Hafnarfjarðarbæjar og Skotípróttafélags Hafnarfjarðar, í réttu hlutfalli við eign þeirra í mannvirkjum.

8. gr.

